

óskað er eftir lækun á fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2004. Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 31. desember 2003.

2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákveðna fyrirframgreiðslu ef ætla má að hún sé að minnsta kosti 20.000 kr. hærrí en hún yrði miðað við rökstudda áætlun um tekjur ársins 2003.

3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá því umsókn barst honum. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. júní 2003.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 806/2002.

1. gr.

Í stað orðsins „fyrsta“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: annan.

2. gr.

11. tölul. 52. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:
Landbúnaðarnefnd. Þrír aðalmenn og þrír til vara. Landbúnaðarnefnd fer með málefni sveitanna, einkum hvað varðar landbúnaðarmál og samgöngumál í dreifbýli, er til ráðgjafar varðandi búfjáreftirlit í samræmi við lög nr. 103/2002 og reglugerð nr. 743/2002, fer með fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur nr. 472/1991, gerir tillögur um fyrirkomulag refa- og minkaveiða og annast þau mál önnur er sveitarstjórn felur henni.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 2003.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.